

# Viðmið um samskipti foreldra og starfsfólks í Ártúnsskóla

## Tölvupóstur og sími

Á meðan á kennslu stendur eru kennarar ekki til viðtals, þeir svara ekki tölvupósti né svara í síma.

- ✓ *Erindum til kennara/stjórnenda er svarað eins fljótt og unnt er, í síðasta lagi innan tveggja virkra daga.*
- ✓ *Þoli erindið ekki bið er hægt að óska eftir símtali eða fundi með milligöngu skrifstofu skólans. s. 411-7670*
- ✓ *Foreldrar eru beðnir um að hringja ekki í kennara utan dagvinnutíma, nema brýna nauðsyn beri til.*
- ✓ *Starfsfólk og nemendur eru að jafnaði ekki með kveikt á farsíma á meðan á kennslu stendur.*

Tölvupóstar eru eingöngu notaðir til að senda upplýsingar eða spyrjast fyrir um hagnýt mál.

- ✓ *Trúnaðarmál á ekki að ræða í tölvupósti*

## Kennarar eru með fastan vikulegan viðtalstíma

- ✓ *Foreldrar/forráðarmenn geta hringt á þessum tímum eða sent tölvupóst og óskað eftir símtali/viðtali.*

## Mentor er upplýsingasíða skólans fyrir foreldra og nemendur

- ✓ *Umsjónarkennari og aðrir kennarar setja vikulega inn heimavinnuáætlun á mentor.*
- ✓ *Kennarar senda upplýsingar um starfið í bekknum á Mentor og foreldrar þurfa því að fylgjast vel með þar.*

## Fjarvistir nemenda

- ✓ *Foreldrar tilkynna veikindi barna sinna daglega á Mentor áður en að kennsla hefst.*
- ✓ *Stytttri leyfi 1-2 daga ber að tilkynna umsjónarkennara og/eða skrifstofu skólans*
- ✓ *Ef óskað er eftir leyfi frá skólasókn lengur en tvo daga þarf að sækja um það á sérstöku eyðublaði sem finna má á heimasíðu skólans.*

## Samskiptamiðlar

### Heimasíða Ártúnsskóla

- ✓ Þar má m.a. finna skóladagatal, skólanámskrá, starfsáætlun, samstarfsáætlun foreldra og skóla, starfsmannalista, matseðil o.fl.

### Snjaldursíða Ártúnsskóla

- ✓ Er til að koma skilaboðum af ýmsu tagi fljótt til foreldra, svo sem tilkynningum og fréttum úr skólalastarfinu.

### Ef kennarar skólans og/eða foreldrar stofna sérstakan hóp á samskiptamiðlum skal skilgreina í upphafi tilgang hópsins/síðunnar:

- ✓ Tilgangurinn með þessum hóp/síðu er að deila hagnýtum upplýsingum um nám og félagsstarf nemendanna í bekknum/árganginum. Undir engum kringumstæðum er hér fjallað um málefni einstaklinga, hvorki nemenda, foreldra né starfsmanna skólans.
- ✓ Þessi hópur er einungis hugsaður fyrir foreldra og forráðamenn barna bekkjarins ekki börnin sjálf. Markmiðið er fyrst og fremst að efla foreldrasamstarfið. Umræðan skal ávallt vera málefnaleg og jafnframt skal gæta þess að umræðan beinist aldrei persónulega að neinum, hvort heldur sem eiga í hlut nemendur, foreldrar, kennarar o.s.frv. Bekkjarfulltrúum bekkjarins ber að gæta þess að allir haldi sig við þessi viðmið og ber að fjarlægja innlegg sem samræmast þeim ekki.
- ✓ Almenna reglan er sú að starfsmenn skólans og foreldrar og/eða nemendur eru ekki vinir á samskiptamiðlum

### Myndatökur/myndbirtingar

- ✓ Reglur gilda um hvenær, hvar og hvaða ljósmyndir skólinn birtir af nemendum,
- ✓ sjá: Viðmið um myndatökur og myndbirtingar í skóla- og frístundastarfi <http://reykjavik.is/vidmid-um-myndatokur-og-myndbirtingar-i-skola-og-fristundastarfi>

### Upplýsingar frá skólanum

- ✓ Kynningarfundir eru haldnir í öllum árgöngum í september.
- ✓ Í október, febrúar og júní eru samskiptadagar með umsjónarkennara, foreldrum og nemenda þar sem farið er yfir markmið og stöðu nemandans. Á sama tíma gefast einnig tækifæri fyrir nemendur, foreldra og sérgreinakennara að eiga fundi um markmið og stöðu nemandans.